

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á leigulóð í landi Böðmóðsstaða II og frístundabyggðar á Austureyjarnesi í landi Austureyjar II í Laugardalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 2. maí 2000 samþykkt deiliskipulag leigulóðar í landi Böðmóðsstaða II. Einnig samþykkti hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 11. janúar 2000 deiliskipulag frístundabyggðar Félags íslenskra símamanna á Austureyjarnesi í landi Austureyjar II í Laugardalshreppi.

Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 13. júní 2000.*

**Guðmundur Rafnar Valtýsson** oddviti.

29. maí 2000

Nr. 442

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Biskupstungnahrepps.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 2. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Biskupstungnahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 3. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna Biskupstungnahrepps, vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa hans.

##### 4. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að Biskupstungnahreppur taki að sér verkefni sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 5. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Biskupstungnahrepps er:

1. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
2. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og VI. kafla samþykktar þessarar.